



Borgarráð

Re-Inventing Cities - Staða verkefnis og tillaga um matsnefnd

Tillaga: Lagt er fram til kynningar minnisblað um stöðu verkefnisins "Re-inventing cities" og gerð tillaga um að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að skipa matsnefnd sem gefur innsendum hugmyndum einkunn í samráði við C40.

Greinagerð: Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg óski eftir því að taka þátt í verkefninu Re-Inventing Cities á vegum C40 og leggi fram þrjár lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Umræddar lóðir eru við Frakkstíg/Skúlagötu, á Ártúnshöfða og við Lágmúla 2.

C40 eru samtök yfir 90 stórborga sem vinna saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í þessum borgum búa yfir 650 milljónir manns og þær standa fyrir fjórðung alls fjármagns heims.

Um er að ræða tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófari hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitnum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Reglur samkeppninnar eru að stóru leyti tilkomnar frá C40 en heimaborgir hafa innan þeirra ákveðinn sveigjanleika til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað.

Annar fasi verkefnisins hófst nú í haust þar sem átta teyllum var boðið að vinna nánar tillögu að skipulagi og útliti bygginga á þessum reitum ásamt tillögu að kaupverði. Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið úthlutaðri viðkomandi lóð til þess að byggja umrætt verkefni. Skilafrestur fyrir annan fasa er áttundi mars.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tillögum ef framkomnar tillögur ná ekki þeim markmiðum sem lagt var upp með í upphafi verkefnis.

Lagt er til að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að skipa matshóp sem gefi innsendum tillögum einkunn á grundvelli matslíkans C40. Á grundvelli matsblaðs verður stigahæstu teyllum á hverjum reit boðið til viðræðna um lóðarvilyrði á viðkomandi reit.

Niðurstaða matshóps verður kynnt fyrir borgarráði ásamt því sem að möguleg lóðarvilyrði verða einnig lögð fyrir borgarráð þegar að því kemur.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig

Minnisblað um stöðu verkefnisins Reinventing Cities sem Reykjavíkurborg stendur að ásamt C4o

Dagsetning	18. febrúar 2019
Frá	Starfshóps um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegu samkeppninni Reinventing cities, unnið af ráðgjafa hópsins: Ásgeir Runólfssyni, Capacent ráðgjöf
Til	Borgarráðs Reykjavíkurborgar

Næstu skref

Þann 8. mars 2019 skila keppendur sem voru valdir til að taka þátt í fasa 2 í keppninni Reinventing Cities tillögum sínum að uppbyggingu á þremur reitum: Frakkastíg, Lág múla og Malarhöfða. Keppendur skila teikningum af húsunum og ítarlegum lýsingum hvernig tillögurnar eiga að mæta þeim markmiðum sem Reykjavíkurborg og C4o setja. Þau tengjast kolefnishlutleysi, sjálfbærni, samspili uppbyggingarinnar við nærumhverfið og fjármálum (verði og áætlaðri fjármögnun).

Áætlað er að Reykjavíkurborg og C4o tilkynni sigurvegara á þessum þremur reitum í apríl eða maí. Ef borgin ætlar að standa við þann tímafrest hefur hún tæpa þrjú mánuði (84 daga) til að velja sigurvegara. **Ef kynna á sigurvegara á ráðstefnu UFGC í Osló sem hefst 22. maí hefur hún 75 daga til að komast að niðurstöðu, sá tími rúmast innan þeirra leiðbeininga sem koma frá C4o, skipuleggjendum verkefnisins.**

Hafa verður í huga að **Reykjavíkurborg hefur áskilið sér rétt til að ræða skilmála fyrir lóðavilyrði við keppendur eftir að tillögum hefur verið skilað inn** og áður en úrslit verða tilkynnt. Skilmálarnir geta bæði snúið að kröfum sem byggingarnar verða að uppfylla, verði og fjármögnun. Sumar borgir fóru þá leið að setja keppendum stífari ramma en Reykjavíkurborg gerði og áskilja sér ekki rétt með jafn skýrum hætti til að vinna með skuldbindingar keppenda sem getur auðveldað val þeirra á sigurvegara. Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg fari leið sem getur leitt til þess að valið á sigurvegara verði lengra og flóknara, ef koma fram ný eða framúrsteftuleg markmið í hönnun, en hjá öðrum borgum og í hefðbundinni skipulagssamkeppni þá er talið raunhæft að ljúka vali á sigurvegurum í maí.

Þegar tillögum er skilað inn þann 8. mars rýnir starfshópur borgarinnar sem heldur utan um Reinventing Cities verkefnið og C4o tillögurnar í takt við skapalón C4o sem eru sérsníðin að þörfum Reykjavíkur. Sú vinna nýtist síðan dómnefnd sem Reykjavíkurborg skipar og C4o ætlar að tilnefna einn erlendan sérfræðing í dómnefndina. Komi fram þættir í tillögum sem eru fyrir utan sérfræðipækkingu starfshóps borgarinnar, sérfræðinga C4o og dómnefndarinnar verður sótt viðeigandi sérfræðiaðstoð.

Hverjir vinna að tillögum?

Reykjavíkurborg ásamt 14 öðrum borgum tekur þátt í verkefninu. Alls bárust um 230 umsóknir til borganna í fyrsta fasa keppinnar. 16 umsóknir bárust til Reykjavíkurborgar. Eftirtaldir aðilar voru valdir áfram og skila tillögum 8. mars nk.

Frakkastígur



- Grænt Pebble
- Kanva
- Reykjavík Collective

Lág múli



- Fabric
- Positve Energy

Malarhöfði



- Lifandi landslag
- Urban Delta
- Samrækt – Growing together

Viðauki: Nánari lýsingar frá C40 á liðunum sem skila tillögum 8. mars 2019

Frakkastígur

KANVA

Team representative: KANVA ARCHITECTURE, KRADS

Architect(s): KANVA ARCHITECTURE

Environmental expert(s): ELLIO

Engineering firms: ELEMENT EHF / BEKA

REYKJAVIK COLLECTIVE

Team representative: SUNDABORG EHF

Environmental expert(s): VSO CONSULTING EHF

GRAENT PEBBLE

Team representative: MAUD CAUBET ARCHITECTES

Architect(s): MAUD CAUBET ARCHITECTES / TEIKNISTOFAN TRÖÐ EHF

Environmental expert(s): VERKIS / CANDDIE MAGDELENAT

Lágmúli

POSITIVE ENERGY

Team representative: MAUD CAUBET ARCHITECTES

Architect(s): MAUD CAUBET ARCHITECTES / TEIKNISTOFAN TRÖÐ EHF

Environmental expert(s): VERKIS / OASIIS / CANNDIE MAGDELENAT

FABRIC

Team representative: MTHØJGAARD

Architect(s): BASALT ARCHITECTS / LANDMÓTUN

Environmental expert(s): EFLA CONSULTING ENGINEERS

Malarhöfði

URBAN DELTA

Team representative: VSO RAÐJÖF

Architect(s): VSO RAÐJÖF / JvantSpijkers Architects

Environmental expert(s): VSO RADGJOF

SAMRAEKT - GROWING TOGETHER

Team representative: SAMRAEKT EHF

Environmental expert(s): LANDING AQUACULTURE

LIFANDI LANDSLAG

Team representative: UPPHAF / HEILD

Architect(s): JAKOB+MACFARLANE / T.ARK ARKITEKTAR / LANDSLAG

Environmental expert(s): EFLA CONSULTING ENGINEERS LTD